



Alþingi

Kirkjustræti
150 Reykjavík

Skagafjörður, 04.05.2017
nr. erindis 1704090 HSB

Á 782. fundi byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar 4. maí 2017 var tekið fyrir neðangreint erindi.

Umsagnarbeiðni - þingsályktunartillaga um opnun neyðarbrautar á Reykjavíkurflugvelli

Svofelld bókun var gerð:

Lagður fram tölvupóstur dagsettur 10. apríl 2017 frá nefndasviði Alþingis, þar sem umhverfis- og samgöngunefnd sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um opnun neyðarbrautarinnar á Reykjavíkurflugvelli, 156. mál. Byggðarráð fagnar framkominni þingsályktunartillögu og styður hana eindregið, enda mikið öryggismál fyrir hinar dreifðu byggðir landsins.

Þessi afgreiðsla byggðarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar

Helga S. Bergsdóttir
Stjórnsýsluritari